

Egilsstöðum, 4. desember 2024.

Yggdrasill Carbon ehf.

Umsögn um mál nr. S-231/2024

Skýrsla um kolefnismarkaði – Áskoranir og tækifæri í íslensku samhengi.

Yggdrasill Carbon ehf. er fyrirtæki sem einbeitir sér að framleiðslu vottaðra kolefniseininga með skógrækt og endurheimt vistkerfa í náttúru Íslands. Hjá YGG starfa sérfræðingar á sviði vottunarferils, umhverfis, skógfræði og skógræktar, verkefnisstjórnunar og atvinnusköpunar í dreifbýli. YGG hefur frá 2021 unnið að verkefnum sem byggja á alþjóðlegum stöðlum (VERRA / Gold Standard) og frá 2022 að verkefnum sem byggja á innlendum staðli (Skógarkolefni).

Yggdrasill Carbon ehf. (YGG) er ekki landeigandi, heldur leitar samstarfs við landeigendur. Viðskiptamódel félagsins gengur út á að skapa nýja tekjustrauma fyrir landeigendur, sem ætti að henta bændum sérstaklega vel, enda jafnan leitast við að nýta land sem ekki er talið henta vel til matvælaframleiðslu. YGG gerir því leigusamning til langs tíma við landeigendur, um afmarkaða hluta lands þeirra og greiðir fyrir það leigugjald. Landeigendur geta áfram nýtt það land, að því gefnu að slík not séu samrýmanleg viðkomandi verkefni. Þá geta landeigendur haft áhrif á hönnun verkefna, þannig að þau eigi samleið með annarri landnýtingu utan verkefnasvæðisins. Verkefnin geta haft mismunandi undirtón, þ.e. annars vegar loftslagsverkefni í anda landbúnaðar, og hins vegar loftslagsverkefni í anda landgræðslu. Sem dæmi um hið fyrrnefnda er t.d. skógrækt þar sem horft er bæði til bindingar og hagnýtingar á timbrinu og um hið síðarnefnda endurheimt birkiskógar og jarðvegs. Að okkar mati eiga þessir undirtónar að geta átt samleið og þessum undirtónum er í auknum mæli blandað saman í okkar verkefnum.

Það er grundvallaratriði í starfsemi YGG að verkefnin gangi í gegnum ítarlegar prófanir og að úr því komi einingar sem hljóta vottun. Í því felst, að árangur sá sem þær endurspeгла, er mælanlegur, raunverulegur, varanlegur, aukalegur (additional), staðfestur og einstakur (bann við tvítalningu). Verkefnin eru unnin af gagnsæi og öll helstu skjöl eru öllum opin þegar verkefnin hafa verið skráð og einingar gefnar út.

YGG gengur lengra en staðlar og kröfusettt gera. Við gerum þannig stafrænan tvíbura af öllum okkar verkefnum, sem tryggir aðgengileg gagnasöfn um raunverulegar aðstæður áður en við byrjuðum í verkefnum og á meðan þeim stendur. Einnig tókum við ríkara tillit til votlendis á þeim svæðum sem verkefni okkar í skógrækt eru, heldur en kröfur eru um í innlendum og alþjóðlegum stöðlum sem við vinnum eftir, vegna tillits til líffræðilegs fjölbreytileika.

YGG á því mikið undir því, að agi og trúverðugleiki ríki á mörkuðum sem sýsla með kolefniseiningar. Raunverulegar lausnir taka tíma og því verður langtímahugsun að vera í fyrirrúmi. YGG var fyrsta íslenska fyrirtækið sem fékk kolefniseiningar í bið útgefnar í desember 2022. Þá höfðum við undirbúið okkur og lært í tvö ár. Við höfum haldið áfram að læra eftir að við höfumst handa og viljum bæta verkefni okkar eins og kostur er.

Ríki heims hafa sett sér markmið á þessu sviði, ekki síst um að minnka kolefnisspor sitt og einnig að ná kolefnishlutleysi. Það er gríðarlega mikilvægt að fyrst sé leitað leiða við að minnka sporið. En mannkynið mun alltaf menga, og því er það eðlilegt að við leitum leiða til að mæta þeirri mengun með verkefnum sem gera loftslaginu og náttúrunni gott. Þar skiptir einnig máli að verkefnin séu jákvætt innlegg inn í samfélag þeirra sem nálægt þeim eru. Loftslagsverkefni YGG styrkja nærsamfélagið gríðarlega og stuðla að betri búsetuskilyrðum um allt land.

Markmiðasetning ríkja hefur verið gagnrýnd upp á síðkastið sem of metnaðarfull og kostnaðarsöm. Loftslaginu deilum við með öllu mannkyninu og öðrum sem hér dvelja og því er eðlilegt að Ísland taki þátt í samstarfi þjóða á þessu sviði. Maðurinn er ekki að ganga vel um jörðina og við verðum að gera betur.

Ísland á gríðarleg tækifæri til að leggja meira af mörkum en nemur höfðatölu okkar. Við erum tiltölulega fá í stóru landi með mikla efnahagslögsögu. Við getum fasað út jarðefnaeldsneyti að mjög miklu leyti á raunhæfan hátt. Við getum minnkað kolefnisspor okkar verulega með minni sóun, útsjónarsemi og tæknilausnum. Við getum stuðlað að kolefnisbindingu sem gerir öðru lífi í landi okkar og hafinu í kring gagn, langt umfram það sem þarf til kolefnishlutleysis Íslands.

YGG vill fjárfesta í verkefnum sem stuðla að minnkun kolefnisspors, bættu loftslagi og heilbrigðari náttúru. Æskilegt er að slík verkefni séu einnig fjárhagslega sjálfbær og slíku er hægt að ná með skynsamri nálgun hins opinbera og einkageirans.

Þess vegna fögnum við þeirri skýrslu sem hér er til umsagnar. Hún leggur grunn að og dýpkar málefnalega umræðu á þessu sviði. Sem þörf er á. Töluvert hefur borið á skautun í opinberri umræðu, sem leitt hefur til þess að fólk sem í grunninn hefur sömu markmið, eyðir orku sinni í það litla sem ekki er samhljómur um í stað þess að horfa til stóru myndarinnar og leita sameiginlegra lausna.

Rétt þykir að setja sjónarmið YGG fram í sömu röð og tillögur starfshópsins birtast í skýrslunni:

A. Ríkið sem kaupandi kolefniseininga.

Með skynsamri kaupstefnu ríkisins á kolefniseiningum er ríkið í stöðu til að stórauka það fjármagn sem fer í slíkar aðgerðir, þar sem slík kaup, í stað einstakra lokaðra verkefna, myndu stuðla að fjárfestingum í miklu meiri mæli en ríkissjóður hefur getað staðið undir. Þær tillögur sem settar eru fram í þessum lið eru af hinu góða. Mikilvægt er samt að hafa í huga þegar til útboðs kemur, að það sé ekki eingöngu verð vottaðra eininga sem ráði för. Eðlilegt er að tekið verði tillit til annarra afleiðinga viðkomandi verkefna, s.s. efnahagsleg áhrif þeirra, einkum á nærsamfélagið, áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika, áhrif á búsetuskilyrði, áhrif á aðra atvinnustarfsemi, ekki síst aðra landnýtingu o.fl.

Sérstaklega er ástæða til að fagna hugmyndum um að ríkið sem landeigandi eigi frumkvæði að því að skilgreina land til loftslagsaðgerða. Mikil tækifæri eru í því að minnka losun frá landi með verkefnum sem endurheimt geta votlendi, jarðveg eða náttúrulega skóga, eða stuðlað að annarri ræktun.

B. Lagabreytingar.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þær tvær tillögur sem settar eru fram í skýrslunni.

Lagt er til að lögfestir verði hvatar sem heimila fyrirtækjum sem greiða kolefnisskatt eða þurfa að kaupa losunarheimildir, að fjárfesta upp að ákveðnu marki í viðurkenndum tegundum kolefniseininga á valkvæða markaðinum. Að þessu er vikið í tillögu C.3.iv, en YGG telur mikilvægt að stíga fastar til jarðar. Það verður að tryggja fjármagn í verkefni af þessum toga og slík valkvæð heimild gerir það á sjálfbæran hátt, án þess að skattfé komi til.

C. Stefnumótun.

Almennt er í þessum kafla að finna gagnlegar tillögur sem geta stuðlað að árangri í loftslagsmálum.

Tillaga C.2. að mótuð verði stefna um að ekki verði heimilaður útflutningur á alþjóðlegum kolefniseiningum (ITMOs) frá Íslandi orkar tvímælis. Loftslag heimsins er sameiginlegt og mikilvægt að ekki verði settar hindranir við því að íslensk þjóð geti notið útflutningstekna af verkefnum hérlandis. Varhugavert er að setja stefnu og reglur sem gjörbreyta til hins verra fyrir þá sem fjármagna verkefni líkum á að þau standi undir sér. Slíkar reglur myndu ganga gegn eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, a.m.k. ef þær gilda einnig um eldri verkefni. Slík stefna væri ígildi þess að íslenska ríkið bannaði útflutningum á upprunaábyrgðum (GOs) í raforku, en eins og þekkt er skapar slík sala virðisauka á hverju ári sem telur nú í tugum milljarða. Slík takmörkun á hagnýtingu á eignum þeirra sem greitt hafa fyrir verkefni getur ekki orðið bótalaus. Einnig eru efasemdir um að slík stefna fengi staðist gegn reglum um fjórfrelsið innan EES.

Tillaga C.3 fjallar meðal annars um sérstakt skattalegt hagræði af kaupum á landi til að nýta til framleiðslu kolefniseininga. Þó YGG vinni fordómalaust með hvaða landeiganda sem er, þá fellur það betur að framtíðarsýn fyrirtækisins að bændur geti aukið tekjustrauma sína með hagnýtingu hluta sinna jarða í þessu skyni. Því sé mikilvægt að setja ekki reglu sem enn frekar eykur við uppkaupt á landi sem hafa í för með sér að búseta hverfur. Hægt á að vera að setja aðra hvata sem stuðla að sömu markmiðum og geta að auki stuðlað að dreifðari búsetu þjóðinni allri til heilla.

D. Alþjóðleg samvinna.

Mikilvægt er að Ísland taki þátt í því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna annars vegar og evrópska efnahagssvæðisins hins vegar að móta reglur um viðskipti á þessu sviði. Aðstæður í íslenskri lögsögu eru einstakar, einkum þegar litið er til okkar helstu nágrannalanda og brýnt að reglur útiloki ekki viðskipti með einingar sem við getum framleitt í töluverðu magni, en aðrar þjóðir láta sig e.t.v. litlu varða.

YGG vonar að ný ríkisstjórn geri sér einnig grein fyrir þessum miklu hagsmunum og tækifærum. Það mikilvægasta er að leggja okkar af mörkum til að bæta búsetuskilyrði og líffræðilegan fjölbreytileika á jörðinni. Enn nærtækari og áþreifanlegari hagsmunir eru að bæta heilsu landsins okkar, bæta búsetuskilyrði um allt Ísland og auka verðmætasköpun í landinu.

Virðingarfyllt,

Hilmar Gunnlaugsson stjórnarformaður YGG.